

**AUGLÝSING**  
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Hólavallagötu til norðurs frá Hávallagötu að Túngötu.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. maí 1972.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 247.

12. maí 1972.

**AUGLÝSING**  
um bifreiðastöður í Garðahreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að stöður bifreiða eru leyfðar beggja megin einstefnuakstursgötunnar Aratún í Garðahreppi.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 12. maí 1972.*

**Einar Ingimundarson.**

Nr. 248.

25. maí 1972.

**AUGLÝSING**  
um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968:

Stöðumælar verða settir upp á eftirtöldum stöðum:

1. Skipagötu að vestanverðu frá húsi nr. 6 við götuna að Ráðhústorgi.
2. Kaupvangsstræti að norðanverðu milli Skipagötu og Hafnarstrætis.
3. Kaupvangsstræti að sunnanverðu frá húsi nr. 17 að húsi nr. 23.
4. Hafnarstræti að austanverðu frá Kaupvangsstræti að húsi nr. 82 við götuna.
5. Brekkugötu að vestanverðu milli Ráðhústorgs og Oddeyrargötu.

Gjald fyrir afnot stöðumælaeita er kr. 5.00 fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Aukaleigugjald er kr. 50.00.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 25. maí 1972.*

**Ófeigur Eiríksson.**